

	Einingar:
48. Gloppa	9
49. Engimýri, Garðar og Fagranes	14
50. Hólar	4,5
51. Þverá	2
52. Steinsstaðir	3
53. Steinsstaðir II og Efstalandskot	2
54. Efstaland	3
55. Miðland	2
56. Syðri-Bægisá og Neðstaland	9

Samtals 227,5

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1982.

Pálmi Jónsson.

Guðmunda Ögmundsdóttir.

Nr. 70.

1. mars 1982.

REGLUR

um ferðakostnað sjúklinga innanlands.

I. KAFLI

GILDISSVIÐ

1. gr.

Þurfi sjúklingur ítrekað að takast ferð á hendur til þess að njóta óhjákvæmi-legrar sérfræðilegrar meðferðar eða eftirlits hjá lækni eða í sjúkrahúsi (með eða án innlagningar), tekur sjúkrasamlag þátt í ferðakostnaði eins og fram kemur í reglum þessum.

2. gr.

Endurgreiðslur eiga sér stað sé um að ræða:

- 1) Geislameðferð æxla,
- 2) lyfjameðferð æxla,
- 3) nýrnabilun (dialysis),
- 4) gláku (aðgerðir eða eftirlit).
- 5) starfræna blindu (augnþjálfun),
- 6) sjónhimnulof af völdum sykursýki (photocoagulation),
- 7) lýtalækningar í brýnum tilfellum,
- 8) dreyrasýki,
- 9) polycytomia,
- 10) bæklunarlækningar, þegar um barn er að ræða,
- 11) hvítblæði.

Ennfremur er heimilt að endurgreiða vegna annarra sambærilegra tilfella.

II. KAFLI

LANGAR FERÐIR

3. gr.

Skilyrði um lágmarkstíðni ferða.

Sjúklingur þarf að koma til meðferðar eða eftirlits a.m.k. þrisvar á 12 mánaða tímabili, en tvisvar á næstu 12 mánuðum, ef þörf verður á framhaldsmeðferð.

4. gr.

Endurgreiðsla sjúkrasamlaga.

Sjúklingur skal framvísa læknisvottorði eftir hverja ferð. Eftir að önnur ferðin er farin endurgreiðir sjúkrasamlag fyrstu ferð að frádregnum 200 krónum en síðari ferðir að frádregnum 100 krónum. Til endurgreiðslu reiknast fargjald eins og það er með venjulegum áællunarferðum á hverjum tíma. Ef ætla má, að raunverulegur ferðakostnaður sé lægri, skal miða við hann.

III. KAFLI

STUTTAR OG TÍÐAR FERÐIR

5. gr.

Skilyrði um lágmarkstíðni ferða.

Sjúklingur þarf að koma til meðferðar eða eftirlits a.m.k. 8 sinnum á 4 vikna tímabili.

6. gr.

Endurgreiðsla sjúkrasamlags.

Eftir fyrsta mánuðinn endurgreiðir sjúkrasamlag 2% hluta kostnaðar við farnar ferðir enda sé fyrir hendi vottorð læknis með staðfestum komudögum. Síðan endurgreiðir samlag á sama hátt kostnaðinn hálfsmánaðarlega gegn framvísun læknisvottorðs. Til endurgreiðslu reiknast:

- a) Fargjald eins og það er með áætlunarbíl eða skipi á hverjum tíma, enda sé um meira en 15 km vegalengd að ræða. Ef ætla má, að sannanlegur ferðakostnaður sé lægri, skal miða við hann.
- b) Ferðakostnaður innanbæjar með leigubíl milli aðseturs sjúklings og meðferðarstaðar skv. framlögðum skýrum kvittunum, enda sé sjúklingur ekki fær um að ferðast með áætlunarbíl eða strætisvagni. Ekki skal þó greitt fyrir flutning með bifreið manns af sama heimili né bifreið í eigu venslamanns hins sjúka.

IV. KAFLI

SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

7. gr.

Skýrsla sérfræðings.

Eftir að ferðir eru hafnar leggur sjúklingur inn hjá sjúkrasamlagi sínu skýrslu frá sérfræðingi (við þá stofnun), sem meðferðina veitir, þar sem gerð sé grein fyrir sjúkdómnum og nauðsynlegri meðferð, hversu títt sjúklingurinn þurfi að koma og, ef unnt er, hversu oft. Skýrsluna má, ef henta þykir, senda Tryggingastofnuninni, sjúkratryggingadeild beint, en annars sendir samlagið stofnuninni skýrsluna til greiðsluákvörðunar. Tryggingastofnunin sendir því næst samlaginu skýrsluna með ákvörðun um greiðsluheimild, en samlagið geymir hana og annast síðan greiðslur til sjúklings skv. reglum þessum þaðan í frá.

8. gr.

Sérstakt fargjald fylgdarmanns.

Sérstakt fargjald fylgdarmanns telst því aðeins ferðakostnaður, að sjúklingurinn sé 12 ára eða yngri eða ósjálfbjarga.

V. KAFLI

GILDISTAKA

9. gr.

Reglur þessar, sem samdar eru af tryggingaráði, staðfestast hér með, skv. 8. gr. j. stl. laga nr. 59/1978, um breyting á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. mars 1982.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.**REGLUR****um starfsmannaráð í ríkisstofnunum.**

1. gr.

Stofnun starfsmannaráða.

Í stofnun þar sem vinna að staðaldri 15 manns eða fleiri í þjónustu ríkisins verði komið á fót starfsmannaráði.

Beiðni um stofnun starfsmannaráðs sendist samstarfsnefnd sem skipuð sé tveimur fulltrúum frá BSRB, tveimur fulltrúum frá BHM og tveimur fulltrúum tilnefndum af ríkinu.

Samstarfsnefndin staðfestir starfsvettvang og fjölda starfsmanna í ráðinu svo og tilnefningarreglur hvors aðila að ráðinu.

2. gr.

Kjör starfsmannaráðs.

Starfsmannaráð er skipað 4—8 aðalmönnum og 2—4 varamönnum sem valdir eru til tveggja ára í senn. Varamenn hafa rétt til fundasetu með málfrelsi og skylt er að boða varamann í forföllum aðalmanns.

Helmingur fulltrúa í starfsmannaráði er tilnefndur af yfirstjórn stofnunarinnar (þ.e. viðkomandi ráðuneyti eða þeim aðila sem það tilnefnir) úr hópi forstöðumanna eða verkstjóra. Helmingur skal kosinn af starfsfólki í einu lagi, eða eftir ákveðinni deildarskiptingu þar sem svo hagar til. Fulltrúar yfirstjórnar í starfsmannaráði hafa ekki kosningarrétt.

Í starfsmannaráði stærri stofnana (yfir 100 manns) skal tryggt að hver eftirtalinn fjögurra starfshópa eigi a.m.k. einn af fulltrúum starfsmanna í starfsmannaráði, enda tilheyri honum yfir 15% starfsmanna: